

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 23. júní 2009

0906031SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. júní sl., þar sem óskað var umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp sem varðar ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar ríkissjóðs og aðgerðir til að draga úr ríkisútgjöldum.

Sambandið telur í upphafi rétt að benda á að þrátt fyrir margítrekuð tilmæli af hálfu forsvarsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga við undirbúning málsins er frumvarpið lagt fram á Alþingi án þess að mat hafi verið lagt á kostnaðaráhrif þess fyrir sveitarfélögin. Ríkisstjórn og fjármálaráðuneyti er þó fullkunnugt um að í gildi er samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga frá 30. desember 2005 um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla sem hafa í för með sér kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin.

Samkvæmt útreikningum hag- og upplýsingasviðs sambandsins munu bein áhrif hækkunar tryggingagjalds, sbr. 1. gr. frumvarpsins, á útgjöld sveitarfélaga nema samtals um 1.950 m.kr. á árunum 2009-2010. Að auki munu ýmis önnur ákvæði frumvarpsins hafa óbein áhrif á útgjöld sveitarfélaga á næstu misserum, sbr. meðfylgjandi yfirlit. Á móti kemur áætluð tekjuaukning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna hærri skatttekna ríkisins.

Sambandið leggur mikla áherslu á að þegar í stað verði hafnar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um lögfestingu samskiptareglna þessara aðila, í samræmi við ákvæði samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, til að tryggja að fullt tillit verði tekið til áhrifa á sveitarfélög við ákvarðanir í ríkisfjármálum. Reynslan sýnir því miður að samningar milli þessara stjórnarsýslustiga nægja ekki til þess að tryggja fullnægjandi framkvæmd af hálfu ríkisins.

Jafnframt vill sambandið vekja athygli á því að í skýrslu sérfræðinga Alþjóða
gjaldeyrissjóðsins um fjárlagagerð á Íslandi (e. Strengthening the Budget
Framework) er eindregið varað við því að færa verkefni og útgjöld frá ríki til
sveitarfélaga án þess að fjármögnun liggi jafnframt fyrir. Hætta á slíku eykst
við aðstæður þar sem þrýstingur á fjármál hins opinbera er mikill líkt og nú
og er því enn brýnna en áður að tryggja samræmi í stefnumörkun og
fjármálum hins opinbera.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri